



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 14/2016

## Sölubann og afturköllun á Basson Baby barnarúmum frá Ólavíu og Oliver

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Neytendastofa tók þátt í átaksverkefni á vegum Prosafe, sem er samstarfsnet evrópskra stjórnvalda á sviði vöruöryggis, þar sem kannað er öryggi barnavara. Verkefnið beindist að því að athuga hvort ákvæðum laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og gildandi stöðlum um barnarúm og barnaferðarúm væri framfylgt. Þann 28. maí 2015 fór fulltrúi frá Neytendastofu í barnavöruverslunina Ólavía og Oliver til að sækja Basson Baby barnarúm af gerðinni Julia. Varan var send til prófunarstofunnar AIJU á Spáni og prófuð m.t.t. staðalsins ÍST EN 716 –1:2008 (+A1:2013) „Barnarúm og barnaferðarúm til heimilisnota – Hluti 1: Öryggiskröfur“, ÍST 716-2:2008 „Barnarúm og barnaferðarúm til heimilisnota – Hluti 2: Prófunaraðferðir“. Auk þess sem ákveðið var að prófa vöruna aukalega m.t.t. til ákvæða 6.11.2.2 og 6.11.2.3 í staðlinum ÍST EN 1930:2011 „Barnavara og vara til nota við umönnun barna – Öryggisskilrúm – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir“. Framangreind skoðun er hluti af Helstu niðurstöður prófunarinnar vegna staðalsins ÍST EN 716-1/2:2008 voru að Julia, Basson Baby, barnarúm uppfyllti ekki skilyrði ákvæða 4.4.2.1, 4.4.5, 4.4.8.1 og 4.4.8.2 um barnarúm.

##### 2.

Þann 15. september 2015 sendi Neytendastofa með tölvubréfi afrit af prófunarskýrslunni til Ólavíu og Oliver. Fimmtudaginn 24. september 2015 komu Birna Hrund Árnadóttir og Þórunn Ólöf Sigurðardóttir, fyrir hönd Ólavíu og Oliver á fund með fulltrúum Neytendastofu þar sem farið var yfir niðurstöður prófunar á vörunni. Á fundinum tilkynntu forsvarsmenn Ólavíu og Oliver að Julia barnarúmin yrðu innkölluð frá neytendum.

Neytendastofa sendi Ólavíu og Oliver bréf dags. 25. september 2015 þar sem farið var yfir niðurstöður fundarins. Í bréfinu kom fram að Neytendastofa hefði heimild til að leggja á sölubann, afturkalla vöru eða taka hana af markaði uppfyllti hún ekki skilyrði laga nr. 134/1995.



Þar sem Ólavía og Oliver hygðust innkalla rúmin frá neytendum og framkvæma viðgerðir á þeim myndi stofnunin ekki taka stjórnvaldsákvörðun að svo stöddu. Neytendastofu barst tölvubréf þann 30. september 2015, þar sem fram kemur m.a. „1) Að þeir muni bjóða viðskiptavinum sem keypt hafa þessi tilteknu rúm yfir þetta tímabil að skipta út 2 rúmgöflum og 1 langhlið.þ.e. þeim hlutum rúmana sem stóðust ekki öryggiskröfur“. Í tölvubréfinu kom jafnframt fram að framleiðandi rúmana vilji að viðskiptavinir framvísi kvittun eða reikning fyrir rúmunum. Þegar kvittun liggi fyrir þá sé boðið upp á lausn sem sé nefnd í lið 1.

Í svari Neytendastofu, dags. 23. október 2015, kom fram að ekki væri hægt að gera kröfu um að viðskiptavinir framvísi kvittun eða reikning fyrir rúmunum. Í svari Ólavíu og Oliver frá 4. nóvember 2015 kom fram að um væri að ræða 92 barnarímlarúm. Þann 5. nóvember 2015 óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum um hvernig gangi að innkalla barnarúmin og lagfæra þau. Einnig var óskað eftir gögnum sem sýni fram á að barnarúmið samræmist kröfum eftir breytingar. Þann 10. nóvember 2015, barst stofnuninni svar frá Ólavíu og Oliver þar sem fram kom að fyrirtæki myndi óska eftir gögnunum. Jafnframt kom fram að viðskiptavinir munu skipta um hliðar á rúmunum, þar sem rúmið sé selt ósamsett. En ef viðskiptavinur geti ekki skipt um hliðar sjálfur sé verslunin með verkstæði sem hægt sé að leita til.

### 3.

Með bréfi, dags. 7. mars 2016, óskaði Neytendastofa eftir því að Ólavía og Oliver veiti stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig staðið hafi verið að lagfæringum á barnarúmunum, hve mörg barnarúm sé búið að lagfæra og hvernig öryggi vörunnar hafi verið tryggt s.s. með prófunarskýrslu sem gerð hafi verið eftir að viðgerð hafi farið fram. Auk þess óski Neytendastofa eftir upplýsingum um hvort umrædd barnarúm hafi verið til í öðrum litum en hvítu og ef svo sé hvort að þau hafi einnig verið lagfærð. Neytendastofa sendi ítrekun með tölvubréfi þann 21. mars 2016 þar sem ítrekað var ekkert svar hafi borist vegna bréfs dagsettu 7. mars 2016.

### 4.

Þann 21. mars 2016 barst tölvubréf frá Ólavíu og Oliver þar sem fram kom að „búið væri að lagfæra 29 rúm og að rúmin standast núna EN regulation“. Kom fram að seld hafi verið tvö viðarlituð rúm árið 2008 og hafi verið boðið nýtt hvítt rúm í staðinn. Neytendastofa svaraði tölvupóstinum sama dag og bað um aftur prófunarskýrslu. Sama dag barst svar frá Ólavíu og Oliver þar sem framsent var svohljóðandi svar frá Basson Baby: „No we dont have a test report on this, but factory have confirmed to us, that it follows EN regulation“.

Engin skrifleg gögn bárust frá Ólavíu og Oliver til staðfestingar þess að Julia barnarímlarúm uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum og gildandi stöðlum eftir viðgerðir sem framkvæmdar voru á rúmunum.



## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta varðar Julia barnarimlarúm, frá Basson baby, sem Neytendastofa sendi í prófun til prófunarstofu AIJU á Spáni. Niðurstöður prófunar leiddu í ljós að varan uppfyllti ekki öryggiskröfur í skilningi laga nr. 135/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og gildandi staðal um barnarúm ÍST EN 716 „Barnarúm og barnaferðarúm til heimilisnota – Hluti 1: Öryggiskröfur“. Í því tilviki sem hér um ræðir er skv. áhættumati veruleg hættu á alvarlegum slysum þar sem varan stenst ekki prófanir. Forsvarsmenn Ólavíu og Oliver's ákváðu í kjölfar að innkalla barnarúmið frá neytendum og láta lagfæra það.

Í svörum Ólavíu og Oliver kom fram að ekki væri til prófunarskýrsla fyrir rúmin og að með því að setja nýjar hliðar á rúmin myndu þau vera í lagi. Til að sýna fram á að rúmin séu örugg og uppfylli kröfur ÍST EN 716 eftir lagfæringar, þ.e. eftir að skipt hafði verið um bæði hliðar og rúmgafli, er nauðsynlegt að prófa rúmin. Ólavía og Oliver lagði ekki fram prófunarskýrslu sem staðfesti að Julia barnarimlarúm frá Basson baby uppfyllti gerðar kröfur.

Um barnarimlarúm gilda lög nr. 134/1995, og þurfa þau að uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra í staðli ÍST EN 716 Barnarúm og barnaferðarúm til heimilisnota – Hluti 1 og 2. – Prófunaraðferðir og kröfur. Í lögnum, svo og reglum settum samkvæmt þeim eru einnig ítarleg ákvæði um skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

*„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“*

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna er svohljóðandi:

*„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:*



1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.
2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.
3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.
4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar skilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

*„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“*

Um barnarúm og ferðabarnarúm gilda staðlarnir ÍST EN 716-1:2008 „Barnarúm og barnaferðarúm til heimilisnota – Hluti 1: Öryggiskröfur“ og ÍST 716-2:2008 „Barnarúm og barnaferðarúm til heimilisnota – Hluti 2: Prófunaraðferðir“.

Ákvæði um réttarúrræði Neytendastofu eru í V. kafla laganna.

Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu til aðgerða t.d. ef ábyrgðaraðili vöru s.s. framleiðandi og dreifingaraðili hefur ekki gripið til viðeigandi ráðstafana, svo sem rakið hefur verið hér á undan, er svohljóðandi

*„Eftirlitsstjórnvöld skulu afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.“*

Ákvæði 22. gr. laga nr. 134/1995 er svohljóðandi:

*„Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls.“*

*Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu eða sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru, en hættulausa, eða greiða kaupendum andvirði vörunnar.“*



*Eftirlitsstjórnvald getur jafnframt ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess. “*

## 2.

Í ljósi þess að ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna fram á að Julia barnarimlarúmum frá Basson baby uppfylli skilyrði um að teljast örugg eftir lagfæringar sem gerðar hafa verið verður að telja að varan sé ekki örugg í skilningi 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Telur Neytendastofa því, með vísan til 1. mgr. 20 gr. laga nr. 134/1995, sbr. og 21. gr. og 2. mgr. 22. gr. sömu laga, ekki hjá því komist að kveða á um bann við sölu vörunnar, að varan verði tekin af markaði, afturköllun frá neytendum og endurgreiðslu kaupverðs svo tryggt sé að notkun hennar og frekari sölu eða dreifingu sé tafarlaust hætt. Auk þess er Ólavía og Oliver skylt skv. sömu ákvæðum að eyða öllum eintökum vörunnar og afhenda Neytendastofu sönnun þess efnis frá viðeigandi aðila sem tekur að sér eyðingu hennar.

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995 á framleiðandi eða fulltrúi hans að greiða allan þann kostnað af tilkynningum um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnað við tilkynningar í fjölmiðlum. Neytendastofa fer fram á að Ólavía og Oliver birti fréttatilkynningu til neytenda til þess að tryggja öryggi þeirra sem nota ofangreinda vöru og til þess að eðlilegum varnaðaráhrifum sé náð.

Afturköllun, afhendingarbann og sölubann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu má búast við tekin verði ákvörðun um dagsektir á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Ólavía og Oliver, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, gert að afturkalla af markaði Julia barnarimlarúm frá Basson Baby.

Með vísan til sömu ákvæða leggur Neytendastofa bann við allri sölu og afhendingu umræddra barnarimlarúma. Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Þá fer Neytendastofa fram á það á grundvelli 2. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. 21. gr., að Ólavía og Oliver endurgreiði kaupendum andvirði vörunnar, og vörunum sé eytt. sbr. 1. mgr. 21. gr. Á grundvelli 24. gr. laga nr. 134/1995 fer Neytendastofa fram á að Ólavía og Oliver birti fréttatilkynningu um innköllunina til þess að eðlilegum varnaðaráhrifum sé náð.“

Neytendastofa, 26. apríl 2016

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir